

1. Almennt

Benchmark Genetics Iceland hf. (kt. 620391-1079), Bæjarhrauni 14, 220 Hafnafirði, er með 190 tonna rekstrarleyfi (FE-1074) til seiða- og matfiskeldis á laxi við Kalmanstjörn. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 600 tonna hámarkslífmassa af laxi til seiða- og matfiskeldis, þann 23. október 2019.

Fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. við Kalmanstjörn er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru útbúin rist sem hæfir stærð fisksins sem er í kerinu hverju sinni til að hindra að fiskur geti komist úr körunum. Auk þess er fiskgildra í fráveitu stöðvarinnar. Litlar líkur eru taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 17. október til 14. nóvember 2022 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Benchmark Genetics Iceland hf. lagði fram umhverfismatsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 27. janúar 2022 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 10. júní 2022.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerið grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost, endurnýtingu eldisvökvans, fráveituvalkosti, umhverfisskilyrði fiskeldisstöðva og þá kosti sem Kalmanstjörn hefur til eldis vegna hitastigs jarðsjávar og ísalts grunnvatns, sem er mjög ákjósanlegt til klakfiskaframleiðslu og hrognafarmleiðslu. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun hefur kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2.2 Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að verndargildi hraunsins við Kalmanstjörn sé fremur lágt þar sem því hefur verið raskað með mannvirkjagerð og einnig vegna þess hversu sandorpið það er. Engu að síður sé ásýnd svæðisins og heildaryfirbragð landslags á svæðinu með ótvíræð einkenni eldsumbrota. Stofnunin telji því brýnt að koma í veg fyrir allt óþarfa rask á jarðmyndunum. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar og telur að áhrif framkvæmdar á svæðinu á jarðmyndun séu þegar komin fram þar sem verið er að stækka fiskeldisstöðina en brýnt að reynt verði að halda umfangi raskaðra svæða í algjöru lágmarki og ganga þannig frá að ummerki verði sem minnst og raskað land verði mótað að umhverfi sínu með vönduðum frágangi í verklok.

2.3 Áhrif á grunnvatn

Það er mat Skipulagsstofnunar að áhrif á grunnvatn vegna framleiðsluaukningar við Kalmanstjörn sé veigamesti umhverfisþáttur framkvæmdarinnar. Stofnunin telji brýnt að áður en vatnsvinnsla verði aukin úr 800 L/s í 1.500 L/s verði reiknilíkan sannreynt með fyllri mælingum á grunnástandi, og sé minnsti vafi á hvort svæðið þoli svo mikla breytingu á vatnsvinnslu kunni að vera ástæða til að auka framleiðsluna í smærri skrefum og meta hvernig

grunnvatnið bregðist við áfangaskiptri uppbyggingu. Jafnframt telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að vakta áhrif grunnvatnsvinnslunnar á svæðinu og að vatnsvinnsla Benchmark Genetics Iceland rýri ekki vatnsból Hafna með ágengri vinnslu sem rýri gæði þess, en flest bendi þó til þess að áform framkvæmdaraðila um aukna grunnvatnsvinnslu muni ekki hafa í för með sér ágenga vatnsvinnslu í meðalári. Matvælastofnun bendir á að vöktunaráætlun um vöktun á áhrifum vinnslu á grunnvatn verði að liggja fyrir áður en vatnstaka er aukin og að Orkustofnun veiti leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknum, skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

2.4 Áhrif á lífríki fjöru og strandsjó

Skipulagsstofnun álitur jákvætt að framkvæmdaraðili hafi ákveðið að koma upp hreinsibúnaði til að fanga úrgang í frárennsli frá starfseminni, en sá búnaður fangar lífrænar svifagnir og er jákvætt að honum verði komið í gagnid á þessum stað þar sem fyrir liggur að verndargildi fjörunnar er hátt. Þó sé nauðsynlegt að vakta ástand fjörunnar við Kalmanstjörn með það í huga að uppleyst næringarefni munu áfram berast rá stöðinni til sjávar þó svo að svifagnir verði fjarlægðar. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið og bendir á að tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar, áhættan sé því takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við í samráði við eftirlitsaðila.

2.5 Áhrif á fugla

Skipulagsstofnun telur að með notkun á fráveitu með hreinsibúnaði sé verið að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á lífríki fjörunnar og þeirra fugla sem þar þrífast, og að áhrif á fugla verði óveruleg en þó sé brýnt að vakta fuglalíf eins og annað lífríki fjörunnar. Matvælastofnun tekur undir ofangreint sjónarmið en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar.

2.6 Áhrif á menningarminjar

Fram kemur í áliti Skipulagsstofnunar að á athafnarsvæði austan Nesvegjar þar sem ráðgert er að bora tvær vinnsluholur og leggja lagnir frá þeim að fiskeldishúsum sé nauðsynlegt að skrá minjar en á því svæði sé m.a. Prestastígur sem er gömul þjóðleið sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Þá sé einnig nauðsynlegt að áður en veitt verði framkvæmdarleyfi fyrir framkvæmdum utan byggingareita verði lokið við fornleifaskráningu sem og fyrirhugaða rannsókn á þeim þremur minjum sem ráðgert er að rannsaka og teikna. Niðurstöður fornleifaathugana þurfi að bera undir Minjastofnun og afla leyfist til að raska minjum áður en framkvæmdarleyfi er veitt. Þá bendir stofnunin jafnframt á að nauðsynlegt sé að afmarka með áberandi hætti allar minjar á svæðinu sem ekki þurfi að raska svo þær raskist ekki af vangá, auk þess sem mannvirki verði staðsett með tilliti til fornleifa eftir því sem frekast er unnt þar sem framkvæmdin hafi í för með sér varanlega og óafturkræfa röskun á fornleifum. Áhrif framkvæmdarinnar eru því nokkuð neikvæð. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Reykjanesbæjar þann 12. júlí 2022. Umsögn barst ekki frá Fiskistofu. Reykjanesbær er ekki með sérfræðinga að störfum sem hafa þá sérþekkingu sem þarf til að geta veitt fullnægjandi umsögn og því ákvað skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar að sveitarfélagið veiti ekki umsögn.

Hafrannsóknastofnun veitti umsögn þann 15. júlí 2022 og benti á að Hafrannsóknastofnun hefði í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar bent á ýmis atriði vegna frárennslis og vöktunar viðtakans, og að framkvæmdaraðili hafi ákveðið í kjölfar umsagna og álits Skipulagsstofnunar að valinn yrði sá frárennslisvalkostur sem gengur út á hreinsun frárennslis. Hafrannsóknastofnun telur að fyrirhuguð eldisaðferð gefi tilefni til neikvæðra erfðafræðiahrifa komi til slysasleppinga úr eldisstöðinni en gerir að öðru leiti ekki frekari athugasemdir.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva er kveðið á um að gildistaka sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur og að mati Matvælastofnunar uppfyllir fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland að Kalmanstjörn þau skilyrði. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Benchmark Genetics Iceland hf. að Kalmanstjörn, Reykjanesbæ. Rekstrarleyfið heimilar 600 tonna hámarkslífmassa á laxi í seiða- og matfiskeldi í eldisstöðinni að Kalmanstjörn í Reykjanesbæ.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 190 tonna rekstrarleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. (FE-1074) vegna seiða- og matfiskeldis á laxi úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 24. nóvember 2038.

Selfoss, 24. nóvember 2022